

Þingsályktun

um þjóðaráttak í umferðaröryggi.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að vinna að undirbúningi þjóðaráttaks í umferðaröryggi. Nefndin skal skipuð fulltrúum þeirra stofnana og samtaka sem sérstaklega láta sig varða umferð og umferðaröryggi. Stefnt skal að því að átakið hefjist í byrjun árs 1988.

Samþykkt á Alþingi 18. mars 1987.

